Heimahópur 27. febrúar 2025

- **KEPPNIN, SKÓLINN, REYNSLUTÍMINN**

Postulasagan 20:24

En mér er líf mitt einskis virði, fái ég aðeins að fullna skeið mitt og þá þjónustu, sem Drottinn Jesús fól mér: Að bera vitni fagnaðarerindinu um Guðs náð.

Filippíbréfið 3:12-14

Ekki er svo, að ég hafi þegar náð því eða sé þegar fullkominn. En ég keppi eftir því, ef ég skyldi geta höndlað það, með því að ég er höndlaður af Kristi Jesú. -13- Bræður, ekki tel ég sjálfan mig enn hafa höndlað það. -14- En eitt gjöri ég. Ég gleymi því, sem að baki er, en seilist eftir því, sem framundan er, og keppi þannig að markinu, til verðlaunanna á himnum, sem Guð hefur kallað oss til fyrir Krist Jesú.

Heb12:1

Fyrst vér erum umkringdir slíkum fjölda votta, léttum þá af oss allri byrði og viðloðandi synd og þreytum þolgóðir skeið það, sem vér eigum framundan.

Gal 6:9

Þreytumst ekki að gjöra það sem gott er, því að á sínum tíma munum vér uppskera, ef vér gefumst ekki upp.

- **ANDLEG BARÁTTA HIÐ INNRA**

Matteusarguðspjall 24:12-13

Og vegna þess að lögleysi magnast, mun kærleikur flestra kólna. -13- En sá sem staðfastur er allt til enda, mun hólpinn verða.

Fyrra Korintubréf 3:13-15

Þá mun verk hvers um sig verða augljóst. Dagurinn mun leiða það í ljós, af því að hann opinberast með eldi og eldurinn mun prófa hvílíkt verk hvers og eins er. -14- Ef nú verk einhvers fær staðist, það er hann byggði ofan á, mun hann taka laun. -15- Ef verk einhvers brennur upp, mun hann bíða tjón. Sjálfur mun hann frelsaður verða, en þó eins og úr eldi.

Róm 7:22-24

Innra með mér hef ég mætur á lögmáli Guðs, -23- en ég sé annað lögmál í limum mínum, sem berst á móti lögmáli hugar míns og hertekur mig undir lögmál syndarinnar í limum mínum. -24- Ég aumur maður! Hver mun frelsa mig frá þessum dauðans líkama?

2.Kor 10:3

Þótt vér lifum jarðnesku lífi, þá berjumst vér ekki á jarðneskan hátt, _-4- því að vopnin, sem vér berjumst með, eru ekki jarðnesk, heldur máttug vopn Guðs til að brjóta niður vígi.-5- Vér brjótum niður hugsmíðar og allt, sem hreykir sér gegn þekkingunni á Guði, og hertökum hverja hugsun til hlýðni við Krist.

- **RÆÐAN Í HÁLFLEIK**

2.Tím 2:3-26

Þú skalt og að þínu leyti illt þola, eins og góður hermaður Krists Jesú. -4- Enginn hermaður bendlar sig við atvinnustörf (affairs of this life). Þá þóknast hann ekki þeim, sem hefur tekið hann á mála. -5- Og sá sem keppir í íþróttum fær ekki sigursveiginn, nema hann keppi löglega.

-15- Legg kapp á að reynast hæfur fyrir Guði sem verkamaður, er ekki þarf að skammast sín og fer rétt með orð sannleikans. -16- Forðast þú hinar vanheilögu hégómaræður, því að þeim, er leggja stund á þær, skilar lengra áfram í guðleysi,

-22- Flý þú æskunnar girndir, en stunda réttlæti, trú, kærleika og frið við þá, sem ákalla Drottin af hreinu hjarta. -23- En hafna þú heimskulegum og óskynsamlegum prætum. Þú veist, að þær leiða af sér ófrið. -24- Þjónn Drottins á ekki að eiga í ófriði, heldur á hann að vera ljúfur við alla, góður fræðari, þolinn í þrautum,

1.Kor 15:40-42

Guði séu þakkir, sem gefur oss sigurinn fyrir Drottin vorn Jesú Krist! -58- Þess vegna, mínir elskuðu bræður, verið staðfastir, óbifanlegir, síauðugir í verki Drottins. Þér vitið að erfiði yðar er ekki árangurslaust í Drottni.

- **FYRIRHEITIN**

Róm 8:18-19

Ég lít svo á, að ekki séu þjáningar þessa tíma neitt í samanburði við þá dýrð, sem á oss mun opinberast. -19- Því að sköpunin þráir, að Guðs börn verði opinber.

2.Kor 4:17-18

Þrenging vor er skammvinn og léttbær og aflar oss eilífrar dýrðar sem stórum yfirgnæfir allt. -18- Vér horfum ekki á hið sýnilega, heldur hið ósýnilega. Hið sýnilega er stundlegt, en hið ósýnilega eilíft.

2.Kor 5:1-2

Vér vitum, að þótt vor jarðneska tjaldbúð verði rifin niður, þá höfum vér hús frá Guði, eilíft hús á himnum, sem eigi er með höndum gjört. -2- Á meðan andvörpum vér og þráum að íklæðast húsi voru frá himnum.

- **FIMM SIGURSVEIGAR EÐA KÓRÓNUR**

1.Tím 4:8

Ég hef barist góðu baráttunni, hef fullnað skeiðið, hef varðveitt trúna. -8- Og nú er mér geymdur sveigur réttlætisins, sem Drottinn, hinn réttláti dómari, mun gefa mér á þeim degi. Og ekki einungis mér, heldur og öllum, sem þráð hafa endurkomu hans.

1.Kor 9:25-26

Vitið þér ekki, að þeir, sem keppa á íþróttavelli, hlaupa að sönnu allir, en einn fær sigurlaunin? Hlaupið þannig, að þér hljótið þau. -25- Sérhver, sem tekur þátt í kappleikjum, neitar sér um allt. Þeir sem keppa gjöra það til þess að hljóta forgengilegan sigursveig, en vér óforgengilegan. -26- Þess vegna hleyp ég ekki stefnulaust. Ég berst eins og hnefaleikamaður, sem engin vindhögg slær. -27- Ég leik líkama minn hart og gjöri hann að þræli mínum, til þess að ég, sem hef prédikað fyrir öðrum, skuli ekki sjálfur verða gjörður rækur.

Opb 2:10 & Jakob 1:12

Kvíð þú ekki því, sem þú átt að líða. Sjá, djöfullinn mun varpa nokkrum yðar í fangelsi, til þess að yðar verði freistað, og þér munuð þrenging hafa í tíu daga. Vertu trúr allt til dauða, og ég mun gefa þér kórónu lífsins.

Sæll er sá maður, sem stenst freistingu, því að þegar hann hefur reynst hæfur mun hann öðlast kórónu lífsins, sem Guð hefur heitið þeim er elska hann.

1.Þess 2:19 & Fil 4:1

Hver er von vor eða gleði vor eða sigursveigurinn, sem vér hrósum oss af? Eruð það ekki einmitt þér, frammi fyrir Drottni vorum Jesú við komu hans?

Þess vegna, mínir elskuðu og þráðu bræður, gleði mín og kóróna, standið þá stöðugir í Drottni, þér elskuðu.

1.Pét 5:3-4

Verið hirðar þeirrar hjarðar, sem Guð hefur falið yður. Gætið hennar ekki af nauðung, heldur af fúsu geði, að Guðs vilja, ekki sakir vansæmilegs ávinnings, heldur af áhuga. -3- Þér skuluð eigi drottna yfir söfnuðunum, heldur vera fyrirmynd hjarðarinnar. -4- Þá munuð þér, þegar hinn æðsti hirðir birtist, öðlast þann dýrðarsveig, sem aldrei fölnar.

■ LAUNIN

Opb 2:7

Þeim er sigrar, honum mun ég gefa að eta af lífsins tré, sem er í Paradís Guðs.

Opb 2:11

Þeim er sigrar mun sá annar dauði ekki granda.

Opb 2:17

Þeim er sigrar mun ég gefa af hinu hulda manna, og ég mun gefa honum hvítan stein, og á steininn ritað nýtt nafn, sem enginn þekkir nema sá, er við tekur.

Opb 2:26

Þeim er sigrar og varðveitir allt til enda verk mín mun ég gefa vald yfir heiðingjunum.

***Opb 3:5**

Sá er sigrar, hann skal þá skrýðast hvítum klæðum, og eigi mun ég afmá nafn hans úr bók lífsins. Ég mun kannast við nafn hans fyrir föður mínum og fyrir englum hans.

Opb 3:12

Þann er sigrar mun ég gjöra að stólpa í musteri Guðs míns, og hann skal aldrei þaðan út fara. Á hann mun ég rita nafn Guðs míns og nafn borgar Guðs míns, hinnar nýju Jerúsalem, er kemur af himni ofan frá Guði mínum, og nafnið mitt hið nýja.

Opb 3:19-21

Alla þá, sem ég elska, tyfta ég og aga. Ver því heilhuga og gjör iðrun. -20- Sjá, ég stend við dyrnar og kný á. Ef einhver heyrir raust mína og lýkur upp dyrunum, þá mun ég fara inn til hans og neyta kvöldverðar með honum og hann með mér. -21- Þann er sigrar mun ég láta sitja hjá mér í hásæti mínu, eins og ég sjálfur sigraði og settist hjá föður mínum í hásæti hans.

Amos 3:2

Yður eina læt ég mér annt um fremur öllum kynstofnum jarðarinnar. Þess vegna hegni ég yður fyrir allar misgjörðir yðar.

--

Tími okkar á þessari jörð er prófraun, tími til að sanna okkur og útskrifast. Dauðinn er einfaldlega skref til annars heims, sem er raunverulegri en þessi, þar sem próf okkar verða metin og einkunnagjöf fer fram. - Það styttist í að allt verði gert upp og hversu mikið af Jesú (Kærleikanum) mun finnast í okkur!

- **DRAUMUR: NÝJIR SKÓR OG HVÍT KLÆÐI**

15. október 2009

Draumurinn byrjaði á að ég var á leiðinni í keppni sem mér virtist eins og íþróttakeppni einhverskonar. Þetta voru tvær keppnir, í fyrri keppninni hafði ég ekki nógu góða skó til þess að keppa í en þrátt fyrir það fannst mér ég standa mig nokkuð vel og var sáttur við árangurinn. Fannst mér þó eins og fyrri keppnin væri meira eins og undirbúningur fyrir síðari keppnina.

Fyrir síðari keppnina voru mér gefnir góðir keppniskór, ég veit ekki hver gaf mér þá en það var eins og allt í einu væri ég kominn með þá, en ég vissi þó að mér hafði verið þeir gefnir. Ég fékk ekki að sjá í draumnum af síðari keppninni sem var að hefjast og við það skiptist draumurinn.

Núna var ég staddur inná stað sem mér fannst geta verið bakarí, virtist mér vera vinnumenn á staðnum og vinna að endurgerð ætti sér stað. Þar stend ég fyrir framan búðarborðið og kom maður að mér sem mér fannst vera eigandinn. Hann tekur upp stóra fallega hvíta öskju opnar hana og spyr mig hvort ég vilji kaupa það sem í henni var. Í öskjunni voru ljósleit næstum hvít klæði, þar sá ég fallegustu ullarpeysu sem ég hafði augum litið þó var hún ekki eins og venjuleg ullarpeysa heldur var þessi öll hin sléttasta og ef ég ætti að lýsa efninu myndi ég segja að þetta væri silkimjúk ull einhverskonar. Einnig sá ég í öskjunni hvítar buxur undir og að mig minnir fleiri klæði. Buxurnar voru úr sama efni þó ekki eins og venjulegar buxur heldur án vasa og minntu meira á undirbuxur.

Í draumnum þá fannst mér þessi klæði vera eitthvað sem ég yrði að eignast og spurði manninn um verðið og hann sagði 80.000 krónur. Í draumnum varð ég fyrir smá vonbrigðum því verðið fannst mér hátt og ég vissi að ég ætti ekki fyrir þeim, en þar sem ég tók eftir vinnumönnunum og endurgerð bakarísins þá spurði ég hvort það væri eitthvað sem ég gæti gert til að vinna mér upp í fötin.

Þá sagði hann að það væri eitt sem ég gæti gert og bað mig um tilboð í að mála gólfið, ég skoðaði verkið og sagði að það myndi vera um 60.000 kr sem að það myndi kosta að öllu jöfnu og var ekki rætt sérstaklega um 20.000 kr sem eftir stóðu.

Gengumst við að því og hófst ég strax handa það kvöldið og gekk verkið vel, við það vakna ég og velti draumnum fyrir mér í nokkurn tíma á eftir.

- NÆSTA VIKA

Útvalning - María og marta – Esaú og Jakob - Hvíldin og verkin – Hin æðri köllun – Fyrirvitund Guðs – Verkin fullgjör frá grundvöllun heims – Þá sem Guð þekkti fyrirfram – Hópar innan Kirkjunnar (Brúður eða vísa meyjar) – Hópar innan Ísrael (144þ) – Tvö sæði á jörðinni – Fyrri upprisann (Upphrifningin) – Hinn annar dauði